

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK
Reykjavík, 14. maí 2012
R2012050044

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða - 735. mál, þskj. 1173.

Ríkisskattstjóri hefur þann 9. maí 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að atvinnutengd starfsendurhæfing verði í höndum svokallaðra starfsendurhæfingarsjóða og að öllum launamönnum og þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur skuli tryggður réttur til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til starfsendurhæfingarsjóðs. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ríkisskattstjóri hafi fengið frumvarpsdrög umsagnar.

Með tölvupóst dagsettum 15. mars 2012 fékk ríkisskattstjóri ófullbúin drög send frá velferðarráðuneytinu til umsagnar og veitti ráðuneytið embættinu afar stuttan frest til að koma að athugasemdum. Ríkisskattstjóri taldi sig ekki geta skilað inn vandaðri umsögn innan þess frests sem gefinn var upphaflega en síðar tilkomin atvik höguðu því svo þannig til að nokkuð rýmri tími gafst til umsagnar. Ríkisskattstjóri sendi ráðuneytinu svo umsögn þann 23. mars sl. og leyfir ríkisskattstjóri sér að áréttu nokkur atriði sem fram koma í þeirri umsögn.

5. gr. frumvarpsins:

Í 5. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um framlag atvinnurekanda og orðrétt segir: „Öllum atvinnurekendum og þeim sem stunda sjálfstæða starfsemi er skylt að greiða iðgjald vegna sjálfra sín og launamanna sem hjá þeim starfa.“ Í umsögn sinni til velferðarráðuneytisins benti ríkisskattstjóri á að hugtakið „atvinnurekandi“ væri ekki sérstaklega skilgreint í frumvarpinu og að ríkisskattstjóri hefði ekki fundið skilgreiningu á því hugtaki sérstakan stað í lögum. Þá benti ríkisskattstjóri á að í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, lögum um tryggingagjald nr. 113/1990 og lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi í lífeyrissjóð, væri notað hugtakið „launagreiðandi“ sbr. m.a. skilgreiningu þess í 7. gr. laga nr. 45/1987.

Eðlilegra væri því að nota í þessu sambandi hugtakið launagreiðandi enda væri verið að leggja á þá skyldur sambærilegar við móttframlag í lífeyrissjóð og tryggingagjaldið. Þá vakti ríkisskattstjóri einnig athygli á að framangreind 7. gr. laga nr. 45/1987 tæki til aðila í sjálfstæðri starfsemi og þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna starfa í þágu lögaðila í þeirra eigin eigu.

6. gr. frumvarpsins:

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skyldu lífeyrissjóðs til að inna af hendi sérstakt gjald vegna sjóðfélaga sem nemi sömu fjárhæð og greidd hefur verið til starfsendurhæfingarsjóðs vegna hlutaðeigandi sjóðsfélaga.

Af þessu tilefni benti ríkisskattstjóri á að óljóst væri skv. orðalagi ákvæðisins hvort að lífeyrissjóði bæri að greiða iðgjald í starfsendurhæfingarsjóð vegna allra sinna sjóðfélaga eða eingöngu vegna þeirra sem eru á vinnumarkaði. Skoða þyrfti þetta ákvæði í samræmi við 4.

gr. frumvarpsins þar sem vissum aðilum er tryggður réttur til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Með hliðsjón af því ákvæði mætti skilja 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins þannig að lífeyrissjóði bæri að greiða vegna þeirra sjóðfélaga sem eru á aldrinum 16 til 70 ára og eru á vinnumarkaði.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að lífeyrissjóður skuli skila iðgjaldi til starfsendurhæfingarsjóðs eigi síðar en á tíunda degi næsta mánaðar eftir að atvinnurekandi standi skil á lífeyrissjóði til sjóðsins.

Ríkisskattstjóri benti á að orðalag ákvæðisins leysti lífeyrissjóð undan skyldu til greiðslu iðgjalds í starfsendurhæfingarsjóð ef launagreiðandi stendur ekki í skilum með sitt lögbundna framlag til lífeyrissjóðsins.

Ríkisskattstjóri áréttar þessar athugasemdir sínar og leggur til að orðalag 6. gr. frumvarpsins verði gert skýrara hvað þessi atriði varðar.

13. gr. frumvarpsins:

Ákvæðið gerir ráð fyrir að ráðherra „veiti starfsendurhæfingarsjóði viðurkenningu“ að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ríkisskattstjóri leyfir sér að gera athugasemdir við þessa hugtakanotkun. Almennt staðfestir ráðherra ákvarðanir sínar við handhöfn opinbers valds, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir viðurkenningu ráðherra á skipulagsskrám starfsendurhæfingarsjóða eins og fyrir segir. Ríkisskattstjóri metur slíkt orðalag ankannalegt.

16. gr. frumvarpsins:

Í 6. mgr. 16. gr. frumvarpsins er lagt bann við því að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri starfsendurhæfingarsjóðs taki þátt í tengdum rekstri og að eignarhlutur í fyrirtæki teljist þátttaka í rekstri eins og nánar kemur svo fram í ákvæðinu. Ríkisskattstjóri benti á af þessu tilefni að óljóst væri við hvað væri átt með eignarhlut í fyrirtæki, þ.e. hvort það orðalag næði til þess að eiga eignarhlut í einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi.

31. gr. frumvarpsins:

Með ákvæðinu er lögð til breyting á 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þannig að styrkir úr starfsendurhæfingarsjóðir myndi ekki skattskyldar tekjur í hendi þess sem slíkra styrkja nýtur. Í athugasemdum kemur m.a. eftirfarandi fram: „Jafnframt þykir rétt að áréttu að starfsendurhæfingarsjóðir teljast hvorki reka atvinnu né standa í hagnaðarskyni þannig að framlög til þeirra skapi ekki skattskyldar tekjur í þeirra hendi enda sé tekjum þessum varið í þágu þeirrar starfsemi sem mælt er fyrir um.“ Þá er í athugasemdunum réttilega bent á að allar undanþágur frá skattskyldu beri að túlka þröngt. Þetta þarfnast þó frekari skýringar þar sem ekki kemur augljóslega fram hvers eðlis þeir styrkir eru sem ætlað er að undanþiggja skattskyldu. Sé verið að vísa til 10. gr. frumvarpsins þá er um víðtæka þjónustu og styrktilefni að ræða og eðli máls samkvæmt matskenndar ákvarðanir um einstaklingsbundna þjónustu.

Að auki segir í lokamálgrein 10. gr. frumvarpsins:

„Starfsendurhæfingarsjóði er jafnframt heimilt að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu, einn og sér eða í samstarfi við aðra aðila.“ Styrkir starfsendurhæfingarsjóða virðast þannig geta annars vegar verið til hvers konar einstaklingsbundinnar endurhæfingar samkvæmt mati eða veittir í öðrum tilgangi s.s. til rannsókna. Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að styrkir hvers konar teljast almennt til skattskyldra tekna og um frádrátt frá þeim hefur um árábil myndast fastmótuð úrskurðarframkvæmd yfirskattanefndar og eftir atvikum fyrri úrskurðarnefnda. Sé það ætlunin að ákveða að styrkir þessir séu undanþegnir skattskyldu þarf að liggja fyrir hvers eðlis þeir eru og hvernig nýtingu styrkþega skuli háttáð, þannig að uppfyllt væru skilyrði

undanþágunnar. Um þessi atriði þyrfti að setja nánari skilyrði hugsanlega í reglugerð sem sett væri af fjármálaráðherra, þannig að tekinn væri af allur vafi um gildissvið undanþágu frá skattskyldu þegar við úthlutun styrkja.

32. gr. frumvarpsins:

Samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins eru starfsendurhæfingarsjóðir felldir undan lögum nr. 33/1999, um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Samkvæmt athugasemdum við umrætt ákvæði eru forsendurnar

eftirfarandi: „þykir það eðlilegt í ljósi eðli þeirrar starfsemi sem sjóðunum er ætlað að inna af hendi“ Sé það svo að starfsendurhæfingarsjóðum sé ekki ætlað að stunda atvinnustarfsemi þá verður að ætla að þeir falli undir 5. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem kveður á um að þeir aðilar sem falla undir 5. tölul. 1.

mgr. 2. gr. séu undanþegnir tekjuskattsskyldu, ef þeir stunda ekki atvinnurekstur. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins um undanþágu frá skattskyldu samkvæmt tekjuskattslögum er þannig samhljóða efnisákvæði tilvitnaðra ákvæða tekjuskattslaga.

Að síðustu vill ríkisskattstjóri benda á að gæta þurfi betur að samræmi í frumvarpstextanum í ákvæði til bráðabirgða I kemur til að mynda fram að starfsendurhæfingarsjóðir, sem eru starfandi við gildistöku laganna skuli innan árs frá gildistöku þeirra tilkynna „reksturinn“ til ráðherra. Að mati ríkisskattstjóra getur það valdið ruglingi að nota orðið rekstur um starfsemi umræddra sjóða. Betur færi að tala um starfsemi sjóðanna enda ekki um hefðbundinn skattskyldan rekstur fyrirtækis að ræða.

Virðingarfyllst